

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 10. september 2018
UST201808-215/R.K.
10.05.00

Efni: Umsögn – Afstaða Umhverfisstofnunar á niðurrifi togarans Orlik í Helguvík

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 28. ágúst sl. þar sem óskað er afstöðu Umhverfisstofnunar um svar Hringrásar hf. (hér eftir rekstraraðili) við umsögn stofnunarinnar dags. 18. apríl sl. um matsskyldufyrirspurnar niðurrifs á togaranum Orlik í Helguvík.

Þann 26. september árið 2016 veitti Umhverfisstofnun umsögn um niðurrif skipa eftir fund með fulltrúa Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis þann 14. september 2016. Þar gaf stofnunin álit um aðstæður við niðurrif skipa og taldi þá, líkt og nú, að starfsleyfi verði að jafnaði að vera gefin út á tiltekna aðstöðu þar sem starfsemin fer fram. Áður heyrði starfsleyfisútgáfa fyrir niðurrif skipa undir heilbrigðisnefndir en eftir lagabreytingar veitir Umhverfisstofnun starfsleyfi til skipaendurvinnslustöðva sem endurvinna skip yfir 500 brúttótonnum skv. 64. gr. a. laga nr. 55/2003 um meðhöndun úrgangs.

Í samskiptum sérfræðings Umhverfisstofnunar og fulltrúa Heilbrigðiseftirlits Suðurnesja árið 2016 kom fram að skipasmíðastöð Njarðvíkur hafi kynnt fyrir heilbrigðiseftirlitinu áætlun um að koma sér upp varanlegri aðstöðu til niðurrifs skipa. Umhverfisstofnun spurðist fyrir um stöðu þeirra áforma (dags. 4. sept 2018) en í svari frá fulltrúa heilbrigðisnefndar kom fram að skipasmíðastöðin hefði ekki farið í framkvæmdir við að útbúa aðstöðu til að rífa skip á stærð við Orlik.

Umhverfisstofnun minnir á að nauðsynlegt er að við útgáfu starfsleyfis fyrir sérstaka aðstöðu endurvinnslu/niðurrifs skipa, með viðeigandi mengunarvarnarbúnaði, sé gætt að því að tryggingar, áhættumat og viðbragðsáætlun séu til staðar.

Starfsleyfi til niðurrifs skipa

Umhverfisstofnun áréttar það sem fram kom í fyrri umsögn (dags. 18. apríl 2018) að hún hefur heimild til að veita starfsleyfi fyrir starfsemi þar sem fram fer endurvinnsla/niðurrif skipa og er það leyfi gefið út á tiltekna aðstöðu þar sem starfsemin fer fram. Stofnunin hefur ekki heimild til að veita starfsleyfi fyrir niðurrifi á skipum í fjörum þar sem ekki er viðurkennd aðstaða fyrir slíka starfsemi.

Neyðarsjónarmið

Í fyrri umsögnum hefur Umhverfisstofnun tekið fram að dæmi eru um að starfsleyfi hafi verið gefin út fyrir niðurrif tiltekinna skipa en stofnunin telur að slíkt eigi eingöngu við sé um að ræða sérstök neyðarsjónarmið. Stofnunin skilgreinir neyðarsjónarmið skv. 2. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda: „*Undanþegnar lögum þessum eru aðgerðir sem nauðsynlegar eru til þess að vernda mannlíf eða tryggja öryggi, svo og aðgerðir sem kunna að vera nauðsynlegar vegna óviðráðanlegra ytri atvika*“. Þá eru óviðráðanleg ytri atvik (force majeure) skilgreind sem atvik sem ekki er hægt að sjá fyrir og þ.a.l. ekki hægt að koma í veg fyrir, jafnvel þótt gerðar séu eðlilegar öryggisráðstafanir. Hér undir falla t.d. náttúruhamfarir líkt og eldgos, snjóflóð, jarðskjálftar o.fl. Umhverfisstofnun fellst ekki á að í greinargerð matsskyldufyrirspurnarinnar og svörum frá rekstraraðila hafi verið sýnt fram á að skilyrði um neyðarsjónarmið eigi við.

Svar Hringrásar hf.

Í svari rekstraraðila kemur fram að vilji hafi verið til þess að: „*fá lánaða aðstöðu í skipakvíum/þurrkvíum hér á landi en það hefur ekki gengið eftir, þar sem eigendur skipakvína hafa ekki viljað taka skipið í kvíarnar til niðurrif þegar eftir því var leitað*“. Ekki kemur fram hvers vegna eigendur skipakvína hafa ekki sýnt verkefninu áhuga. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að gerð sé grein fyrir ómöguleika þess að rífa niður skipið í aðstöðu atvinnurekstrar sem sótt getur um starfsleyfi til slíks, svo sem skipasmíðastöðvum eða skipakvíum.

Í svari rekstraraðila segir um niðurstöður skoðunarskýrslu LLOYD'S (273/18): „*Niðurstaða skoðunarskýrslu er að skipið er ekki tækt til flutning*“. Í samantekt skoðunarskýrslu segir: „*Fyrir svona gamalt skip má reikna með að það séu víða þynningar í stáli undir sjólinu. Það getur verið erfitt að finna svona þynningar. Eins og frágangur er á vatnspéttum rýmum, lúgum og öðrum opnunum er hætt á að eftöluverður leki kemur að skipinu geti það sokkið*“. Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram hvort hægt sé að toga Orlik á viðurkennda skipaendurvinnslustöð erlendis. Stofnunin bendir á að í svari rekstraraðila er ekki fjallað um þann möguleika að setja skipið í slipp og gera við þynningar svo hægt sé að flytja það utan til niðurrifs á viðurkenndum stöðum.

Mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun telur að niðurrif togarans Orliks í Helguvíkurfjöru kunni að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Þó að svæðið sé skilgreint sem iðnaðarsvæði breytir það ekki þessari afstöðu. Niðurrif á skipinu, sem áætlað er að innihaldi 9 tonn af asbesti (og mögulega fleiri spilliefni) í fjöru þar sem ekki er til staðar sérstök aðstaða fyrir slíkt niðurrif, er að mati stofnunarinnar afar óviðeigandi aðferð til niðurrifs og

endurvinnslu skipa og stuðlar ekki að því að koma í veg fyrir mengun af völdum skipa. Stofnunin áréttar að starfsleyfi fyrir niðurrifi skips verður ekki gefið út nema þar sem sérstök aðstaða er til starfseminnar. Þar með er það mat Umhverfisstofnunar að lítil ávinningur sé að því að ofangreind framkvæmd fari í mat á umhverfisáhrifum enda er hún ekki tæk til leyfisveitingar. Matsferlið tekur tíma og stuðlar að mati stofnunarinnar ekki að því að lausn verði fundin sem fyrst á niðurrifi Orliks þ.e. að og að togaranum verði komið til niðurrifs á viðurkenndri skipaendurvinnslustöð.

Niðurstaða


Niðurrif skipa yfir 500 brúttótonnum í fjöru, án aðstöðu með viðeigandi mengunarvarnarbúnaði, kann að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér að mati Umhverfisstofnunar. Stofnunin ítrekar fyrir afstöðu sem er að starfsleyfi fyrir niðurrif/endurvinnslu skipa verði að jafnaði að vera gefin út á tiltekna aðstöðu þar sem starfsemin fer fram, en dæmi eru um að starfsleyfi hafi verið gefin út fyrir niðurrif tiltekinna skipa. Stofnunin telur út frá þeim upplýsingum sem rekstraraðili hefur lagt fram, að umræddar aðstæður togarans Orliks falli ekki undir skilyrði sérstakra neyðarsjónarmiða (force majeure) skv. 2. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Umhverfisstofnun telur að ef ekki verði komið upp sérstakri aðstöðu fyrir endurvinnslu/niðurrif skipa héraendis eigi að flytja skipið úr landi til viðurkenndra aðila sem hafa aðstöðu og tilskilin leyfi til slíkrar starfsemi.



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Sigurður Ingason
sérfræðingur